

Fundargerð

Fundarefni:	Stjórnarfundur foreldrafélags Álfhólsskóla
Dags.:	12. nóvember 2013
Fundarmenn:	Guðni Björnsson, Sigurður Grétarsson, Hörður Sigurðsson, Íris Leósdóttir, Brynhildur Grímsdóttir og Berglind Svavarsdóttir
Fjarverandi:	Lárus Axel Sigurjónsson, Karl Einarsson, Hólmfríður Einarsdóttir
Ritað af:	Berglind Svavarsdóttir

1. Fundur settur.

Guðni setti fundinn kl. 19.30

2. Fundargerð.

Fundargerð síðasta fundar borin undir fundinn og samþykkt.

3. Umræður.

Einar Birgir Steinþórsson aðstoðarskólastjóri kom á fundinn til spjalls og ráðagerða. Rætt um heilsueflandi grunnskóla, niðurstöður samræmdu prófanna, dægradvölinu o.fl.

4. Styrkir frá FFÁ.

Ein umsókn hefur borist um styrk.

Samþykktur styrkur til Reykjarferðar 7. bekkjar að fjárhæð kr. 110.000.

5. Desemberfjör.

Fyrirkomulagið verður með sama hætti og í fyrra, laufabrauðsgerð og jólaföndur. Rætt um undirbúning og framkvæmd. Ákveðið að formaður boði til fundar n.k. fimmtudag með desemberfjörnefndinni.

6. Bekkjarfundir.

Almennt hefur mjög vel tekist til og þátttaka bekkjanna mjög góð. Umræður urðu um að þjappa fundunum yfir á styttri tíma að ósk skólans og jafnvel vera með fyrirfram ákveðnar dagsetningar fyrir bekkjarfundi við upphaf skólaárs.

7. Samkóp.

Formaður skýrði frá fyrirhuguðum fundi hjá Samkóp á fimmtudaginn n.k. kl. 20.00 í Smáraskóla. Fundarefni væri foreldrarölt, erindi frá Hörðuvallaskóla, og verkefni Samkóps á vorönn. Ákveðið að formaður, Sigurður og Berglind fari þann fund.

8. Foreldrabæklingar á pólsku/ensku/tælensku.

Að mati fundarmanna er mjög mikilvægt að foreldrar af erlendu bergi brotnu fái tækifæri til að fylgjast betur með og kynna sér starf skólans og foreldrafélagsins. Rætt um að gefa út foreldrabæklingana á öðrum tungumálum, og amk. pólsku, ensku og tælensku. Fundarmenn

telja að slíkt starf þurfi að fara fram í samstarfi við skólann og jafnvel einnig Heimili og skóla og er formanni falið að setja slíkt starf af stað.

9. Markaðstorg Álfhólsskóla.

Formaður skýrði frá tilurð verkefnisins og taldi að ágætlega hafi til tekist miðað við að þetta var í fyrsta skipti sem slíkt markaðstorg var haldið. Hann upplýsti ennfreður að skólinn hefði mikinn áhuga á því að gera slíkt Markaðstorg að árlegum viðburði innan skólans.

10. Kaffihús foreldra.

Umræður um að setja slíkt kaffihús á stofn. Ákveðið að kynna málefnið á næsta fulltrúaráðsfundi.

11. Önnur mál.

- Fréttabréf, formaður skýrði frá hugmynd um útgáfu jólafréttabréfs.
- Skólaráð, umræður um verkaskiptingu og samstarf foreldrafélagsins og skólaráðsfulltrúa
- Hreystibraut á skólalóð. Umræður urðu um form og fyrirkomulag en vilji er fyrir því af hálfu skólans að skipuleggja skólalóðina m.t.t. almennrar heilsueflingar nemenda.
- Bílastæði við Digranes. Merkja þarf betur stóra steina sem búið er að setja við bílastæði en dæmi eru um tjón af þeirra völdum.
- Næsti fundur ákveðinn 12. desember kl. 19.00.

12. Fundi slitið

Guðni sleit fundi kl. 21.45